



Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Eyríkið

Um flóttamenn á Íslandi

Frosti Logason

**Leiðbeinandi Valgerður Anna Jóhannsdóttir
Útskriftarmánuður febrúar 2020**

Eyríkið
Um flóttamenn á Íslandi

Frosti Logason

Lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Valgerður Anna Jóhannsdóttir

30 einingar

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar, 2020

Eyríkið – Um flóttamenn á Íslandi

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku.
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Frosti Logason, 2019

Kt: 2904784649

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Í þessu lokaverkefni er fjallað um málefni flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi. Farið verður yfir ýmis sjónarmið sem sett hafa verið fram um þennan vaxandi og umdeilda málaflokk á Íslandi, rætt við sérfræðinga og aðra sem koma að málum. Verkefnið er tvíþætt. Meginefni þess er fullunnin þriggja þátta útvarpssería sem kallast Eyríkið hvar rætt er meðal annars við aðgerðasinna, stjórn mála- og embættismenn. Útvarpsþættina má kenna við rannsóknarblaðamennsku en leitast er við að kafa dýpra í viðfangsefnið en annars er gert í hefðbundnum fréttáflutningi af málum sem tengjast viðfangsefninu. Hins vegar er um að ræða rannsóknarskýrslu eða ritgerð þar sem farið er yfir það vinnuferli sem býr að baki framleiðslu útvarpsþáttanna og komið inn á takmarkanir fjölmiðla til að framleiða slíkt efni í afar erfiðu rekstrarumhverfi hér heima og erlendis. Þar er jafnframt fjallað um það hvað telja má til góðrar blaðamennsku og hvers vegna hún er nauðsynleg í lýðræðissamfélagi. Fjallað er um nauðsyn þess að umfjöllun um flókin og eldfim málefni á borð við hælisleitendur og flóttafólk sé fyrir hendi og að hún varpi hlutlægu og eins skýru ljósi og unnt er á staðreyndir með það fyrir augum að almenningur í lýðræðisríki sé upplýstur.

Abstract

This final project discusses the system that has been set up to accommodate refugees and asylum seekers in Iceland. The work is intended to shed light on the diverse viewpoints of different stakeholders in the debate on this growing issue. It is divided into two parts. On one hand it is a media product and on the other it is this final report. The media product is a three-part radio series called The Island Kingdom. There, politicians, government officials and activists are interviewed. The last radio show is an interview with the Icelandic Minister of Justice. These productions can be described as investigative journalism; where the subject is covered with more depth than is possible in conventional day to day news reporting. The report then examines what characterizes good journalism and why it is necessary in a democratic society. The need to shed light on flammable and complex issues, such as asylum seekers and refugees, is highlighted. These are both controversial and costly issues thus the need for the public to be well informed. The report also examines the work process behind the production of the radio shows and discusses the limitations of the media to produce such content in a declining revenue and operating environment here in Iceland as well as abroad.

Formáli

Greinargerð þessi er einn hluti af MA verkefni mínu sem gildir til 30 eininga. Hinn hlutinn er þriggja þátta útvarpsserían Eyríkið sem ég mun koma til með að birta á vef Vísis þegar verkefninu hefur verið skilað. Þættirnir eru 45 mínútur hver að lengd. Leiðbeinandi minn í þessu lokaverkefni var Dr. Valgerður Anna Jóhannsdóttir, lektor. Henni vil ég þakka sérstaklega fyrir góða leiðsögn, ábendingar og ekki síst andlegan stuðning. Þá vil ég einnig þakka mínum helstu fyrirmyndum í blaðamennsku sem ég hef mikið lært af í gegnum tíðina en það eru þeir Jóhannes Kr. Kristjánsson og Jakob Bjarnar Grétarsson. Báðir voru þeir mér innan handar við gerð þessa verkefnis og veittu mér bæði ráð og góða hvatningu. Þá vil ég að lokum þakka lífsförunaut mínum og barnsmóður, Helgu Gabríelu, fyrir ómetanlega stuðning á annasömum tímum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	7
2 Meginmál	11
2.1 Eftirpurnarhlið blaðamenskunnar	16
2.2 Framleiðsluhlið blaðamenskunnar	18
3 Vinnuferlið	23
3.1 Klipping og uppsetning	30
3.2 Tónlist og hljóðheimur verksins	31
4 Niðurstöður	33
5 Lokaorð	35
Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Þegar ég í ársbyrjun 2019 fór að hugsa um hvað ég vildi fjalla í lokaverkefni mínu datt mér fljótlega í hug málaflokkurinn hælisleitendur og flóttamenn. Málefni þeirra hafa reglulega skotið upp kollinum í fréttum og íslenskri þjóðmálaumræðu enda fjöldi þeirra vaxið gríðarlega á undanförunum árum.

Á vormánuðum færðist mikill hiti í umræðu um málaflokkinn enda voru þá bæði hælisleitendur sjálfir sem og íslenskir aðgerðasinnar farnir að mótmæla reglulega fyrir utan húsnæði Útlendingastofnunnar í Bæjahrauni í Hafnarfirði. Þar safnaðist fólk saman til að mótmæla aðstæðum hælisleitenda hér á landi en boðað hafði verið til mótmælanna á samfélagsmiðlum.¹ Þá vöktu líka mikla athygli mótmæli hælisleitenda á Austurvelli þar sem flóttamenn reistu tjöld og höfðust þar við yfir nótt í nístingskulda.² Að lokum brutust út átök þar sem lögreglumenn beittu piparúða og að minnsta tveir voru handteknir. Yfirlýstar kröfur mótmælanna voru þá að brottvísunum yrði hætt, að flóttamannabúðum að Ásbrú á Reykjanesi yrði lokað og að allir hælisleitendur fengju sanngjarna meðferð á umsóknum sínum auk atvinnuleyfa og aðgengis að heilbrigðisþjónustu.

Fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um málið og myndir frá vettvangi sýndu að lögregla hafði þar talsverðan viðbúnað. Þá var einnig greint frá því að hælisleitandi sem hafði dvalið á Ásbrú hefði verið fluttur á sjúkrahús í kjölfar sjálfsvígstílaunar og óljósar fregnir af fleiri slíkum atvikum voru einnig í umferð á samfélagsmiðlum.³

Mér var þannig ljóst að mikil óánægja ríkti á meðal skjólstæðinga Útlendingastofnunnar og að eitthvað mikið kraumað undir því yfirborði sem okkur birtist í fréttum fjölmiðlanna. Umræðan um þennan málaflokk virðist jafnan drifin áfram af miklum tilfinningahita. Hún hefur einkennst af harðri gagnrýni á stjórnvöld og stefnu þeirra í

¹ Stefán Ó Jónsson, „Fluttur á sjúkrahús eftir sjálfsvígstílaun á Ásbrú“, *VÍSIR*, 2. mars 2019, <https://www.visir.is/g/2019190309794/fluttur-a-sjukrahus-ef-tir-sjalfsvigstilaun-a-asbru> (sótt 1. desember 2019)

² Alma Mjöll Ólafsdóttir, „Flóttamenn sváfu á Austurvelli: „Það var ískalt en við gátum þetta““ *Stundin*, 13. mars 2019, <https://stundin.is/grein/8633/> (sótt 1. desember 2019)

³ Stefán Ó Jónsson, *ibid*

útlendingamálum. Útlendingastofnun hefur verið sökuð um mikla harðneskju og ómannúðlega afgreiðslu í málum þeirra sem hafa þurft að sæta brottvísunum eftir úrskurðum þeirra. Þá heyrðust einnig gagnrýnisraddir úr hinni áttinni sem segja Útlendingastofnun og stefnu stjórnvalda vera alltof lina og að hér sé verið að veita alltof mörgum einstaklingum dvalarleyfi á kostnað aldrea og öryrkja. Þannig vaknaði þá hjá mér mikill áhugi til að kafa dýpra í málið og varpa ljósi á andstæð sjónarmið málsaðila. Ég hafði fundið viðfangsefni umfjöllunar minnar.

Þegar kom að því að ákveða með hvaða hætti ég vildi vinna mína umfjöllun reyndist útvarpsformið augljós kostur. Ég hef starfað við útvarp í tvo áratugi, hóf störf á útvarpsstöðinni X-ið 977 árið 1999 og hef starfað þar óslitið síðan meðfram öðrum fjölmiðlastörfum hjá sama fyrirtæki. En þrátt fyrir að útvarpið hafi alltaf verið mitt aðalstarf hefur mér aldrei fundist ég hafa haft tækifæri til að fullnýta alla möguleika miðilsins. Síðastliðinn tólf ár hef ég stýrt umræðuþættinum Harmageddon alla virka morgna frá klukkna 09:00 til 12:00. Sá þáttur er alla jafna í beinni útsendingu sem getur reynst einhæft form þrátt fyrir gríðarlega fjölbreytta viðmælendur og viðfangsefni. Lengi vel hef ég verið heillaður af annarskonar nálgun við gerð útvarpssefnis og hlaðvarpi eins til dæmis bandarísku þáttunum Radiolab, Freakonomics og This American Life.

Þegar ég heyrði Radiolab í fyrsta sinn varð ég strax hugfanginn og síðan hefur alltaf blundað í mér sú löngun að vinna að gerð útvarpsþátta með svipuðu sniði. Radiolab er margverðlaunaður útvarpsþáttur bandaríska almannaútvarpsins WNYC sem hefur verið hrósað sérstaklega fyrir frumlega og hugmyndaríka nálgun í framsetningu hins hljóðræna og fyrir að hafa þannig gert vísindi aðgengilegri almenningi. Einkenni Radiolab-þáttanna er ör og mikil klipping með upplýsandi yfirllestri þuls sem leiðir fólk í gegnum efnið. Ég ákvað fljótt að þannig vildi ég vinna lokaverkefnið mitt. Ég vildi fá raddir þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í umræðunni um hælisleitendur og flóttamenn og sjóða saman úr því upplýsandi og heildstæða umræðu með því að klippa saman raddir og sjónarmið í eina heild sem varpar ljósi á staðreyndir málsins.

Sjálfur hef ég lengi haldið því fram að útvarpið sé vanmetinn miðill sem í vitund fólks fellur ómaklega í skugga annarra miðla. Það þótti vissulega algjör bylting þegar það heyrðist fyrst í upphafi 20. aldarinnar en féll í skuggann þegar sjónvarpið kom fram á

sjónarsviðið tæpum fjórum áratugum síðar. Sjónvarp hefur þann augljósa kost umfram útvarp að geta sent út bæði hljóð og mynd. Hins vegar var sú tækni sem útvarpið byggist lengst af mun auðveldari í meðförum sem gaf og gefur útvarpinu færi á að þróa sína sérstöðu. Mýtan að sjónvarpið gengi af útvarpinu dauðu hefur ekki staðist. Stafræna byltingin hefur hins vegar breytt því í grundvallaratriðum hvernig við notum fjölmiðla og það á eins við um útvarp eins og aðra miðla. Reyndar má færa rök fyrir því að útvarpið dafni betur í sambýli við netið, sem hefur tröllriðið öllu undanfarna tvo áratugi eða svo og breytt eðli fjölmiðla⁴, en aðrir hefðbundnir miðlar svo sem prent og sjónvarp. Það sýna til dæmis vinsældir hlaðvarpsins.⁵

Nýir miðlar hafa sprottið upp og notkun hefðbundinna miðla, dagblaða, sjónvarps og útvarps, hefur breyst. Í dag er útvarpið miðill sem fólk hlustar á meðan það sinnir öðrum störfum og/eða áhugamálum. Þeir tímar eru liðnir að heilu fjölskyldurnar settust niður við útvarpið til að hlusta á skemmtiefnið sem þar var flutt. Útvarpið hefur þannig orðið að persónulegri miðli sem fólk hlustar á meira í einrúmi en áður.⁶

Með tilkomu netsins hefur fólk miklu meira val. Fólk er ekki lengur háð því að bíða eftir dagblaðinu sínu á að morgni dags til að lesa nýjustu fréttir eða hlusta á útvarpið í marga klukkutíma til að bíða eftir að heyra fréttir eða uppáhalds lagið sitt. Þetta má nú gera á netinu í snjallsímanum. Með þessum breytingum virðist útvarpið sækja í sig veðrið. Þróun snjallsíma hefur einnig gert það að verkum að lengra og ítarlegra útvarps efni er orðið aðgengilegra í gegnum hlaðvarp og hlaðvarpsveitur. Fólk hlustar á hlaðvarp í sínum sínum við allskyns aðstæður; í ræktinni, í umferðinni eða yfir pottunum í eldhúsinu heima. Allt þetta hefur leitt til þess að útvarpið er í mínum huga orðið enn meira spennandi miðill en hann var áður en þessi nýja tækni kom til sögunnar.

Hér á eftir verður farið nánar í saumana á því ferli sem á endanum varð til þess að útvarpsþættirnir Eyríkið urðu til. Byrjað verður á hinni fræðilegu nálgun þar sem stiklað er á stóru varðandi hvaða sjónarmið réðu vali mínu á umfjöllunarefni og verkið sett í

⁴ Freyr Eyjólfsson, 2019, „Creating a Personal Radio“, Meistararitgerð, Hyper Island/Teesside University, bls. 14

⁵ Asa Briggs & Peter Burke, 2009, „A Social History of the Media: From Gutenberg to the Internet“, Cambridge: Polity Press, bls. 91-120

⁶ Robert McLeish, 2006, „Radio Production“, Burlington: Focal Press, bls. 3

fjölmiðlafræðilegt samhengi. Greint verður frá hvernig umfjöllun af þessu tagi má teljast mikilvægt innlegg inn í upplýsta lýðræðislega umræðu.

Þá verður farið í aðferðafræði þáttanna og betur greint frá öllu vinnuferlinu, hvernig þeir voru unnir, klipptir til og að lokum birtir á hlaðvarpsveitum og Vísi.is. Greint verður frá hvernig þættirnir tóku breytingum þegar leið á ferlið þar sem ýmis álitamál komu upp og hvernig bæði tæknilegir erfiðleikar og hindranir höfðu áhrif á lokaútkomu verksins.

Í niðurstöðukaflanum verður farið yfir það sem fram kom í sjálfum þáttunum og að endingu dreg ég saman niðurstöður verkefnisins í heild í lokaorðum og fjalla um það sem út úr þessu má taka til starfa í blaða- og fréttamennsku.

Þættina má kenna við rannsóknarblaðamennsku; hvar kafað er dýpra í viðfangsefnið en mögulegt er í hefðbundnum fréttáflutningi, þar sem markmiðið er að upplýsa um vinnubrögð valdamikilla stofnanna, veita hinum valdameiri aðhald og vekja athygli á orðum þeirra og athöfnum með það fyrir augum að þeir rísi undir ábyrgð sinni.⁷

⁷ Sheila Coronel, 2011, „Digging Deeper“, Sarajevo: BIRN

2 Meginmál

„Lýðveldi okkar og fjölmiðlar munu sameiginlega rísa eða falla.“⁸

Joseph Pulitzer

Í byrjun árs 2018 skilaði sérstök nefnd um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla skýrslu sem hún hafði verið fengin til að vinna af hálfu fyrrverandi menntamála ráðherra, Illuga Gunnarssyni.⁹ Þar er meðal annars farið ítarlega yfir hlutverk fjölmiðla en í vestrænum lýðræðissamfélögum er litið svo á að fjölmiðlar séu einn mikilvægasti grundvöllur fjölbreyttrar umræðu þar sem mismunandi skoðanir fá að koma fram.

Þá miðli fjölmiðlar fréttum og upplýsingum og hafa auk þess það menningarlega hlutverk að spegla sjálfsmynd og sögu þjóðarinnar.

Í því sambandi er, núna þegar þetta er skrifað, einmitt mikil umræðu um að hér á landi þurfi að tryggja sérstaklega einkareknum fjölmiðlum rekstrargrundvöll til að geta sinnt bæði lýðræðislegu og menningarlegu hlutverki sínu.¹⁰

Í íslensku stjórnarskránni er tjáningarfrelsi tryggt í 73. grein. Auk þess er Ísland aðili að mannréttindasáttmála Evrópu sem í 10. grein sinni verndar tjáningar og skoðanafrelsi. Starfsemi fjölmiðla er svo aftur varin með íslenskri löggjöf og kristallast í henni sú skoðun að grundvöllur lýðræðislegrar skipunnar sé frjáls miðlun upplýsinga og skoðana.¹¹ Í Bandaríkjunum er frelsi fjölmiðla tryggt í stjórnarskrá sem aftur undirstrikar enn fremur hversu mikilvægir fjölmiðlar eru taldir lýðræðinu þar í landi. Þess má geta að í þeim tillögum sem sérstakt stjórnlagaráð lagði til grundvallar nýrri stjórnarskrá á

⁸ Craig Silverman, 2007, „Regret the Error: How Media Mistakes Pollute the Press and Imperil Free Speech“, New York: Union Square Press, bls. 46

⁹ Menntamálaráðuneytið, 2018, „Rekstrarumhverfi fjölmiðla: Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla“, Skýrsla, bls. 4

¹⁰ Ibid. bls. 9.

¹¹ Lög um fjölmiðla, 2011, Alþingi, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html> (sótt 4. desember 2019)

Íslandi, og sem samþykktar voru í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012, var sérstök grein í mannréttindakafla helguð fjölmiðlum og frelsi þeirra.¹²

Samhliða tækniframförum hefur upplýsingamiðlun tekið miklum breytingum á undanförunum árum sem hefur svo aftur leitt til þess að sífellt auðveldara hefur verið að koma upplýsingum á framfæri. Í dag má ná til milljóna með tiltölulega einföldum hætti, hafi til dæmis einstaklingur við höndina heimilistölvu með internet tengingu. Auðvelt er að koma upplýsingum í mjög víðtæka dreifingu hvort sem þær eru réttar eða rangar og á það við hvort sem um er að ræða einstaklinga, stofnanir eða fyrirtæki. Þetta hefur víða vakið óhug þar sem falskar upplýsingar geta vissulega grafið undan og haft önnur neikvæð áhrif á lýðræðið.¹³ Þannig eru réttar upplýsingar og ólík sjónarmið eins og áður segir talin vera grundvöllur þess að almenningur geti með upplýstum og rökstuddum hætti mótað sér skoðun á flóknum og fjölbreyttum málum.

Í þessum sambandi er oft bent á mikilvægi þess að reynslumiklir blaðamenn vinni með hlutlægum hætti úr því upplýsingaflóði sem skellur á okkur á degi hverjum og bæði sannreyni gögn og forgangsraði eftir sínu ritstjórnarlega fréttamati. Þetta á jafnt við um innlendar sem erlendar upplýsingar því mikilvægt er að atburðir og þróun erlendis sé stöðugt sett í íslenskt samhengi. Fréttatilkynningar stofnanna verða til dæmis ekki að fréttum fyrr en sjálfstæður blaðamaður hefur farið um þær hlutlægum höndum. Það liggur í hlutarins eðli. Með öðrum orðum verður sú úrvinnsla sem á sér stað á ritstjórnnum fjölmiðla stöðugt mikilvægari og nauðsyn þess að blaðamenn fái svigrúm og tíma til að vinna fréttir sínar fer einungis vaxandi.¹⁴ Því er atgervisflótti fagmanna úr blaðamannastétt verulegt áhyggjuefni en meðal ástæðna hans hafa verið nefnd léleg laun og erfiðar aðstæður. Þeir hafa margir fært sig yfir í vel launuð upplýsingafulltrúa störf og hefur þessi þróun aukist jafnt og þétt á síðustu árum og áratugum.¹⁵ Fyrirtæki og opinberar stofnanir hafa sýnt viðleitni í þá átt að vilja segja af sér fréttir sjálf, með því

¹² Stjórnlagaráð, „Frumvarp til stjórnskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“, 2011

¹³ Í þessu samhengi má m.a. nefna að forseti Frakklands hefur kynnt til sögunnar aðgerðir þar í landi með nýrri lagasetningu til þess að takast á við svokallaðar „fals fréttir“, (e. „fake news“), sjá t.d. BBC, *Emmanuel Macron: French president announces „fake news law“*, 3. janúar 2018, <http://www.bbc.com/news/world-europe-425606883> (sótt 5. desember 2019)

¹⁴ Menntamálaráðuneytið, 2018, bls. 10

¹⁵ Friðrik Þór Guðmundsson, 2016, „Iceland's Media Market after the Collapse of 2008“, *Nordicom-Information* 38, nr. 1, bls. 42

að ráða upplýsingafulltrúa, setja upp dýrar netsíður og kalla tilkynningar sínar fréttir. Stjórnarráð Íslands kallar tilkynningar á sínum vef fréttir.¹⁶

Blaða- og fréttamennska eru ekki lengur sérsvið skipulagðra fagmanna í grein sem deilir sameiginlegum viðmiðum, gildum og vinnureglum. Ný útgáfufélög spretta upp á degi hverjum sem gera ólíkar tilraunir með frásagnaraðferðir og tekjulíkön. Stöðugt er reynt að finna upp nýjar aðferðir til að ná til neytenda og má þar að einhverju leiti segja að gæði frétttaflutnings verði að vissu leiti afstætt fyrirbæri.

Stafræn tækni veitir ólíkum leikendum jafnan aðgang að miðlun upplýsinga þar sem stjórnámálamenn, hagsmunahópar og auglýsendur geta framleitt sínar eigin „fréttir“, sem þá eru oft hannaðar frekar til að sannfæra fólk heldur en að fræða það. Þetta þýðir að áhorfandinn hefur orðið meira val en á sama tíma hefur nauðsyn þess að hann velji rétt, þá að teknu tilliti til þess að upplýsingagjöfin sé hlutlæg, aukist jafnt og þétt. Með þessari auknu valdeflingu borgarans hefur færst aukin skriðþungi í þörfina á að kenna neytendum fjölmiðlalæsi og á að gæði blaðamennsku verði betur skilgreind.¹⁷

En þó svo að krafan um skilgreiningu gæða í blaða- og fréttamennsku sé alltaf að aukast er hún ekki ný af nálinni. Í grein frá árinu 2004 veltir Leo Bogart því fyrir sér hvort hægt sé að meta gæði í fréttamennsku dagblaða og hvort að það skipti máli. Í niðurlagi greinar hans segir:

„Hver svo sem viðmiðin eru þá er niðurstaðan skýr: fjárfesting dagblaða í frétttaflutningi sínum er alltaf líkleg til að skila arði. Það sem telur, hins vegar, er ekki hversu miklu fé er varið til þeirrar fjárfestingar, heldur hvernig því er eytt, í stuttu máli hver eru gæðin og hvernig skulu þau mæld?“¹⁸

Þessum spurningum er ekki beint einfalt að svara. Hafandi starfað á fjölmiðlum til margra ára má fullyrða, upp að vissu marki, að aukið fjármagn skilar yfirleitt betri vinnu.

¹⁶ Stjórnarráð, „Forsíða“, www.stjornarrad.is (sótt 5. janúar 2019)

¹⁷ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, Mars 2015, „Defining and Measuring Quality Journalism“, *Rutgers School of Communication and Information*, bls. 5

¹⁸ Leo Bogart, 2004, „Reflections on Content Quality in Newspapers“, *Newspaper Research Journal* 25, 1 (janúar), bls. 52

Fjölmenningar ritstjórnir afkasta eðlilega meiru en fámennar og blaðamenn á slíkum ritstjórnnum hafa eðli máls samkvæmt meiri tíma til að vinna að sínum málum. Samfélag sem hefur aðgang að miðlum þar sem sá háttur er hafður á verður síðan upplýstara og skilvirkara. En til að geta sannreynt fullyrðingar sem þessar þarf að vera til einhver mælikvarði á gæði blaðamenskunnar.

Til að geta sett mælikvarða á gæði blaðamennsku þarf fyrst að vera á hreinu hvað felst í hugtakinu fjölmiðill. Um það hefur reyndar verið deilt jafn og lengi og fjölmiðlar hafa verið til. Ritstjórar rótgróinna bandarískra dagblaða á nítjándu öld gagnrýndu harðlega svokölluð penny-press blöð á sínum tíma, en það voru ódýrar útgáfur dagblaða sem urðu aðgengilegar almenningi með auknum framförum í prenttækni þess tíma.¹⁹ Á seinni hluta síðustu aldar voru ritstjórar meginstraumsfjölmiðla einnig mjög gagnrýnir á blaðamenn svokallaðra popúlískra miðla og sögðu þá ekki alvöru blaðamenn. Á síðustu árum hafa svo margir faglegir blaðamenn haft horn í síðu þeirrar þróunar sem mætti kalla borgarablaðamennsku, sem hefur rutt sér til rúms með tilkomu netsins, þar sem almenningur hefur tekið það á sínar eigin herðar að safna saman og flytja fréttir á vefsíðum sínum.²⁰ Þá hafa einnig verið vaxandi áhyggjur af duldum viðskiptaboðum og kostuðu efni sem og fréttaframleiðslu fyrirtækja sem framleiða þær gagnert til að selja vörur sínar eða til að fara fram með pólitískan áróður eigenda sinna. Hvað sem því líður er skilgreiningin á því hvað er fjölmiðill nokkuð útbreidd og viðurkennd. Þá skilgreiningu má meðal annars finna í íslenskum lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 en hún er eftirfarandi:

„Fjölmiðill er hverskonar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni sem lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast meðal annars dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“²¹

Ofangreinda skilgreiningu, sem óneitanlega er víð og almenn, má víða finna um hlutverk fjölmiðla í hinum vestræna heimi en hún er líklega fyrst upprunnin úr skýrslu Robert

¹⁹ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, bls. 6

²⁰ Ibid

²¹ Lög um fjölmiðla 2.gr., 2011, Alþingi, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html> (sótt 4. desember 2019)

Hutchins um frelsi fjölmiðla frá árinu 1947.²² En spurningunni um hvers vegna gæði fjölmiðla er okkur mikilvægt er auðvitað auðsvarað þegar bent er á áðurnefnt samhengi í því stjórnskipunarlega hlutverki sem fjölmiðlar eru taldir sinna þegar þeir veita almenningi öruggar upplýsingar í lýðræðislegu samfélagi. Jafnan er tiltölulega einföld, aukin gæði í blaðmennsku ætti að skila sér í upplýstari ákvörðunartöku borgaranna og aukinni ábyrgð stjórnvalda. Þannig mætti líka draga þá ályktun að vandaðri rannsóknarblaðmennsku fylgdu heiðarlegri stjórnvöld. Með eðlilegu og hlutlægu aðhaldi eiga stjórnámálmenn að sjá hag sinn í því að starfa af heillindum þegar störf þeirra eru stöðugt í kastljósi vandaðra fjölmiðla.

En hugtakið gæði í blaðmennsku kann auðvitað að hafa ólíka þýðingu í hugum ólíkra einstaklinga. Félagsmótun gerir það hins vegar að verkum að meðlimir svipaðra þjóðfélagshópa sjá hlutina oft með svipuðum augum. Þeir hópar sem hafa hugsanlega meira með það að gera að skilgreina gæði fjölmiðla en aðrir væru til dæmis fræðimenn annars vegar og atvinnumenn (blaðamenn) hins vegar. Hóparnir deila saman áhuga á eðli og gæðum blaðamenskunnar en hafa þó mjög ólíkan bakgrunn. Nálgun þeirra og markmið eru gjörólík. Atvinnumennirnir skapa blaðamenskuna en afurðir þeirra og vinnubrögð verða svo aftur rannsóknarefni fræðimannanna. Sú formlega þjálfun sem þeir hljóta endurspeglar þessi markmið. Þessir hópar útiloka þó ekki hver annan. Sumir blaðamenn eru vel skólaðir í gagnagreiningu. Sumir fræðimenn hafa áður unnið sem blaðamenn og sumir blaðamenn hafa lært rannsóknaraðferðir vísindanna. Þetta hefur leitt til þess að samspil þessara hópa er orðið meira og athuganir þeirra á gæðum blaðamenskunnar hafa skarast í auknum mæli á undanförunum árum.²³

Fræðimenn hafa rannsakað gæði í blaðmennsku út frá hliðum eftirspurnar og framleiðslu. Eftirspurnarhliðin leggur áherslu á samspil fréttainnihalds og þarfa fréttaneytandans. Nálgun fræðimanna á framleiðsluhliðina hefur svo aftur tilhneigingu til að reyna skilgreina einkenni innihalds út frá ólíkum gæðastigum. Báðar nálganirnar mæla gæði blaðamenskunnar í stigsmun en ekki hvort gæðin séu til staðar eða ekki.

²² Emily T. Metzgar og Bill W. Hornaday, 2013, „Leaving it There? The Hutchins Commission and Modern American Journalism“, *Journal of Mass Media Ethics* 28, 4 8 (október), bls 255-270

²³ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, bls. 10

2.1 Eftirspurnarhlið blaðamenskunnar

Þegar reynt er að mæla gæði blaðamennsku út frá eftirspurnarhlið þarf að skoða nokkra eiginleika fréttanna. Matið veltur þá til dæmis á hversu vel fréttafnið mætir upplýsingapörf og löngunum þess sem neytir. Þannig kann íbúi á Vestfjörðum, sem hefur áhuga á fréttum af fiskeldi og öðrum byggðarmálum síns sveitarfélags, hugsanlega betur að meta fréttir af fréttavefnum Bæjarins bestu heldur en þær sem hann les í Fréttablaðinu, þann daginn. Það þýðir þó ekki að gæði Fréttablaðsins séu eitthvað síðri. Annar lesandi, sem hefði hugsanlega meiri áhuga á fréttum af þingkosningum í Bretlandi, mundi aftur á móti kunna betur að meta skrif Fréttablaðsins um viðfangsefnið en þeirra hjá Bæjarins bestu, að öllum líkindum. Munurinn helgast af nálægð neytandans við þau umfjöllunarefni sem um ræðir. Jafnvel þótt áherslur blaðamanna beggja miðla kunni að vera svipaðar þegar kemur að mikilvægum eiginleikum eins og nákvæmni, sanngirni og heilleika þá geta önnur atriði skipt ólíka neytendur meira máli.

Áhrif gæða út frá sjónarhóli eftirspurnar geta hvoru tveggja átt við á sviði einstaklings og samfélags. Samfélagslegu sjónarmiðin eru þá ekki eingöngu miðuð út frá því sem kalla mætti samanlagða summu allra einstaklinga í tilteknu samfélagi heldur vegna þess að samfélög vinna líka sem heilar einingar að sinni eigin sjálfstjórn. Þar fyrir utan kann upplýsingapörf einstaklinga oft að vera byggð á þeirri staðreynd að þeir tilheyri tilteknum samfélagshópum. Einstaklingur þarf nefnilega ekki bara góðar upplýsingar til að geta kosið rétt af því hann á rétt á því að kjósa, hann þarf upplýsingarnar líka vegna þess að hann er hluti af stærra samfélagi sem ætlast til þess af honum að hann kjósi það sem er samfélaginu öllu til hagsbóta.²⁴ Réttar upplýsingar, um til að mynda starfsemi Útlendingastofnunnar, eru almenningi nauðsynlegar til þess að hann geti áttað sig betur á þeim kostnaði sem liggja að baki reksturs stofnunarinnar og hvernig fjárframlögum ríkisins er varið. Almennigur þarf réttar upplýsingar um hvernig mati á umsóknum um alþjóðlega vernd einstaklinga er háttað, hvernig þær eru afgreiddar, hvað þær kosta samfélagið og hvað það kostar samfélagið að afgreiða þær ekki.

²⁴ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, bls. 12

Ýmiskonar rannsóknir hafa verið gerðar á fréttanotkun almennings í Bandaríkjunum. Í einni slíkri rannsókn frá árinu 2010 var sverendum gefin kostur á að raða í röð, eftir mikilvægi, eftirfarandi ástæðum fyrir notkun þeirra á fréttum:

- Fyrir félagslegt flæði, eða til þess að fólk geti spjallað um fréttir við fjölskyldu, vini og vinnufélaga.
- Til að vera rétt upplýst vegna borgaralegrar ábyrgðar eða til að verða betri borgarar.
- Til að ná í upplýsingar sem hjálpa þeim í daglegu lífi.
- Af því fréttir hjálpa þeim að slaka á, dreifa huganum eða hafa ofan fyrir þeim.
- Af því fréttir gagnast þeim í vinnutengdum málum.²⁵

Í enn nýlegri rannsókn frá árinu 2015 voru ástæðurnar skilgreindar af meiri nákvæmni, þó svo sumar þeirra væru einskonar undirflokkar af fyrrgreindum ástæðum. Svarendur voru þá spurðir hvort þeir notuðu fréttir þá helst til að:

- átta sig á hvaða afstöðu þeir tækju í tilteknum málum.
- finna betri tengingu við samfélagið (meira sálrænt heldur en til að geta tjáð sig).
- finna staði til að fara á eða hluti til að gera (undirflokkur af hjálp í daglegu lífi).
- taka ákvarðanir og framkvæma í þágu samfélags (undirflokkur af borgaralegri ábyrgð).
- viðhalda góðri heilsu (undirflokkur af hjálp í daglegu lífi).
- leysa vandamál (undirflokkur af hjálp í daglegu lífi).
- spara peninga (undirflokkur af hjálp í daglegu lífi).
- reka heimili og fjölskyldu (undirflokkur af hjálp í daglegu lífi).²⁶

²⁵ Kristen Purcell, Lee Rainie, Amy Mitchell og Tom Rosenstiel, 2010, „How people use the news and feel about the news“, skýrsla um skoðunarkönnun, 1. mars 2010, <https://www.pewresearch.org/internet/2010/03/01/part-2-how-people-use-the-news-and-feel-about-the-news/> (sótt 6. desember 2019)

Svörin við þessum niðurstöðum voru nokkuð afgerandi á þann veg að borgaraleg ábyrgð, og það að geta rætt fréttir við vini og vinnufélaga, voru yfirleitt helstu ástæður þess að fólk fylgdist með fréttum. Að átta sig á hvaða afstöðu fólk tæki til vissra málefna var einnig mikilvægt sem og tenging fólks við samfélagið sitt. Ástæður sem höfðu að gera með það hvort fólk tæki til vissra aðgerða, hvort sem það væri um málefni sem þeim var annt um, hjálpaði þeim að leysa vandamál, eyða tíma sínum, spara peninga eða eitthvað sem gagnaðist þeim í vinnutengdum málum komu yfirleitt neðar á listanum.²⁷

Samandregið sýna þessar rannsóknir á eftirspurnarlið fjölmiðla að neytendur meti gæði þeirra fyrst og fremst út frá hversu vel þeir þjóni þörfum hvers og eins. Það kann svo aftur á móti að styðja kenningar þeirra sem segja gæði illmælanlegt hugtak þegar kemur að blaða- og fréttamennsku þar sem matið sé alltaf huglægt. En slík röksemdarfærsla gerir þá ráð fyrir því að þarfir og langanir einstaklinga skarist að litlu eða engu leiti. Sem er svo aftur í vissri mótsögn við þær kenningar í sálfræði og félagsfræði sem segja mannskepnuna stýrast að miklu leiti af frumstæðum hvötum og hegðunarmynstrum.²⁸

2.2 Framleiðsluhlið blaðamenskunnar

Öfugt við eftirspurnarnálguninna gerir framleiðslunálgun fræðanna ráð fyrir því að gæði fjölmiðla felist fyrst og fremst í ákveðnum einkennum á innihaldi fréttanna sem þeir flytja. Blaðamenn, ritstjórar og fræðimenn hafa eðlilega ákveðnar skoðanir á því hvað þeir telja góð gæði í þessum efnum.

Fjölmiðlasiðfræðingurinn John Merrill rannsakaði þennan þátt á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Hann gerði greinarmun á innri þáttum sem fjölmiðlar gátu stýrt, eins og mannauðsvali á þess háttar breytum, og ytri þáttum eins og hversu oft blaðamenn náðu að hafa áhrif og stefnumótun stjórnvalda og svo framvegis.²⁹

²⁶ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, bls. 14

²⁷ Kristen Purcell, Lee Rainie, Amy Mitchell og Tom Rosenstiel

²⁸ Stephen Lacy og Tom Rosenstiel, bls. 13

²⁹ J.C. Merrill, 1968 „The Elite Press: Great Newspapers of the World“ New York: Pitman, bls. 110-111

Boðskiptafræðingurinn Denis McQuail útfærði hugmyndir sínar um gæði fjölmiðla og ávinning þeirra með því að skilgreina fimm grunngildi blaðamenskunnar. Þau voru frelsi, jafnræði, fjölbreytni, sannleika- og upplýsingagæði og félagsleg samstaða- og skipulag.³⁰

Með hugtakinu frelsi átti hann við getu til að tjá sig og gefa út upplýsingar án þess að fjölmiðillinn væri aðþrengdur eða á einhvern hátt heftur af stjórnvöldum eða efnahagskerfum.

McQuail sagði fjölmiðla þurfa að iðka frelsi sitt með virkri og gagnrýnni ritstjórnarstefnu og með því að gangast ekki undir viðtekna venjur kerfisins hverju sinni. Fjölmiðlafrelsi er eitthvað sem lýðræðisleg þjóðfélög hampa mjög í orði en það eitt og sér tryggir þó ekki að allir fjölmiðlar nýti sér það. Sjálfsritskoðun og undirlægjuháttur með viðteknum meginstraumsskoðunum getur þar haft hamlandi áhrif.³¹

Með fjölmiðlajafnræði átti McQuail við að mismunandi sjónarmið og samtök þyrftu að eiga jafnan aðgang að fjölmiðlum og að mismunandi skoðanir myndu mæta þar hlutfallslega jafnri gagnrýni. Aðgengi væri þannig hugsað sem grundvallarforsenda fyrir skilvirku og áhrifaríku markaðstorgi hugmynda og væri nátengt hugmyndunum um frelsi og jafnræði fjölmiðla.

Þá lagði McQuail einnig áherslu á að fjölbreytni þyrfti að tryggja með úrvali skoðana úr ólíkum áttum. Mismunandi tegundir fjölmiðlaafurða með fjölbreyttu sniði væru þar einnig mikilvægar og átti hann þá við hvort sem rætt væri um menningu og afþreyingu eða fréttir og upplýsingar.

Sannleika- og upplýsingagæði var svo fjórða gildið sem McQuail skrifaði um og notaði hann orðið hlutlægni mikið í því sambandi en skipti því upp í tvo hluta, staðreyndir annars vegar og óhlutdrægni hins vegar. Í því samhengi sagði hann helstu skilyrði upplýsingagæða vera þau að fjölmiðlar veittu alhliða framboð af viðeigandi fréttum ásamt bakgrunns upplýsingum af samfélagslegum viðburðum heima fyrir jafnt og um

³⁰ D. McQuail, 2005 „McQuail's Mass Communication theory, 5. útg.“ London: Sage, bls. 198

³¹ Birgir Guðmundsson, 2015, „Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna“, *Stjórnsmál og Stjórnsýsla* 1, (1. tbl. janúar), bls. 57

heim allan. Upplýsingar ætti þá að bera fram af hlutlægni, nákvæmni, heiðarleika, heilleika, raunsæi og draga skýra línu á milli staðreynda og skoðana. Þær þyrftu að vera í jafnvægi, óhlutdrægar og upplýsandi um ólík sjónarmið og túlkanir og settar fram án upphrópanna og hvatvísi.³²

Síðasta grunngildi blaðamenskunnar sem McQuail skrifaði um var félagsleg samstaða- og skipulag. Þar var hann að vísa í það hlutverk fjölmiðla sem snýr að því að stuðla að sátt og samþættingu samfélagsins. Með því er þó ekki átt við að sátt þurfi að jafngilda algjöru samræmi allra viðhorfa, þvert á móti. Fjölmiðlar geta nefnilega vel stuðlað að uppbyggilegu samtali ólíkra sjónarmiða án þess að draga vagn ráðandi skoðana og það er einmitt það sem þeir eiga að gera samkvæmt Denis McQuail.

Í áðurnefndri Hutchins-skýrslu frá árinu 1947 um frelsi fjölmiðla mátti finna samhljóm með þeim grunngildum sem McQuail taldi upp sem hornsteina vandaðrar blaðamennsku. Þar var lögð áhersla á að fjölmiðlar, sem þá tóku til útvarps og prentmiðla, uppfylltu fimm eftirfarandi skilyrði:

1. Að þeir birtu sanna, alhliða og upplýsandi mynd af viðburðum líðandi stundar, settu þá í rétt samhengi og gæfu þeim merkingu.
2. Að þeir væru vettvangur skoðanaskipta og gagnrýni.
3. Að þeir endurspegluðu raunsæja mynd ólíkra hópa í samfélaginu.
4. Að þeir vörpuðu ljósi á og útskýrðu markmið og gildi samfélagsins.
5. Að þeir veittu fullan aðgang að bestu og réttustu upplýsingum hvers tíma.³³

Ofangreind skilyrði Hutchins-skýrslunnar draga saman þá mynd að fjölmiðlar eigi fyrst og fremst að vera ábyrgir gagnvart lesendum sínum og áheyrendum. Á sinn hátt gera þau skýran greinarmun á fréttaflutningi og skoðunum og leggja áherslu á fjölbreytni og fjölræði. Þá er krafan um sannleiksgildi skýr sem og að hlutir séu settir í rétt samhengi með alhliða nálgunum ólíkra sjónarmiða.

Sem fyrr segir hafa miklar breytingar orðið á sviði fjölmiðlunar undanfarna áratugi. Þær hafa átt sér pólitískar, efnahagslegar og ekki síst tæknilegar rætur. Mikil samþjöppun

³² D. McQuail, *ibid*

³³ Emily T. Metzgar og Bill W. Hornaday, *ibid*

eignarhalds, aukin markaðsvæðing og harðnandi samkeppni eru orðin gegnumgangandi stef í fjölmiðlarekstri alls staðar í hinum vestræna heimi.³⁴ Fjölmargar rannsóknir benda til þess að umræddar breytingar hafi haft verulega neikvæð áhrif á gæði blaðamenskunnar á þessum svæðum.³⁵ Fjölmiðlar virðast nú leggja meiri áherslu að framleiða ódýrara efni sem nær betur til fjöldans frekar en að einbeita sér að fréttum af stjórnámálum, efnahagsmálum, alþjóðamálum og þess háttar sem færri hafa áhuga á í stóra samhenginu.

Mikill kostnaður og þverrandi tekjur leiða til þess að minni tími gefst til að vinna efni og sinna flóknum verkefnum eins og rannsóknarblaðamenskun á ritstjórnnum íslenskra sem og erlendra miðla. Einnig virðast rannsóknir benda til þess að eiginleikar netsins og stafrænnar miðlunar ýti meira undir fréttir af glæpum, frægu fólki og íþróttum heldur tíðkaðist á árum áður í hefðbundnari miðlum eins og dagblöðum.³⁶ Íslensk rannsókn á innihaldi fréttu í stærstu dagblöðum og veffréttamiðlum hér á landi fyrir og eftir efnahagshrunið 2008 bendir til þess að umfang fréttu af stjórnámálum og efnahagsmálum hafi dregist saman töluvert á sama tíma og svokallaðar mjúkar fréttir, af íþróttum, afþreyingu og frægu fólki hafi hlutfallslega aukist.³⁷ Í stærra samhengi verður þó að setja fyrirvara við þessa nálgun. Vandséð er hvernig fjölmiðlar geti komist hjá því að fjalla um það sem snýr að áhugasviði almennings og einnig hvort slíkt sé æskilegt. Með nýrri tækni liggur fyrir með rauntímamælingum á lestri fréttu hvaða mál eru í deigluinni hverju sinni.³⁸ Færa má rök fyrir því að það sé einmitt fjölmiðla og blaðamanna að mæta slíkri eftirspurn. Ekki er sjálfgefið að það verði til að fréttir af léttara tagi taki yfir við það.

En fjölmiðlarnir á Íslandi voru komnir í vandræði jafnvel fyrir hrunið. Rekstur hefðbundinna dagblaða og annarra áskriftarmiðla hefur átt undir högg að sækja allt

³⁴ Menntamálaráðuneytið, 2018 bls. 14

³⁵ Valgerður Jóhannsdóttir, 2016, „Markaðsvæðing fréttu“, *Stjórnámál og stjórnsýsla* 12 (2. tbl desember), bls. 317

³⁶ Ibid

³⁷ Valgerður Jóhannsdóttir 2016, bls. 305

³⁸ Chartbeat, „The Most Engaging Stories of 2019“, blog https://blog.chartbeat.com/2019/12/18/most-engaging-stories-2019/?fbclid=IwAR3DVYR4HoFkl4-CqzVHzd2_p9w1bkh0gyqkXjznT6We6aRtxz9vb9FNM3w (sótt 27 desember 2019)

síðan að fréttir fóru fyrst að birtast ókeypis á netinu.³⁹ Til að bæta gráu ofan á svart fóru erlend stórfyrirtæki að sópa til sín auglýsingatekjum og jafnvel áskriftartekjum áður en markaðurinn hér á landi hafði náð að jafna sig eftir innreið netsins. Þá hafa samfélagsmiðlar orðið til þess að auka hraðann í miðlun fréttanna sem aftur kann að bitna á gæðum blaðamenskunnar. Áhrif samfélagsmiðlanna þurfa þó alls ekki að vera neikvæð í sjálfu sér. Heldur ætti gagnrýni á það hvernig slíkt efni birtist heldur að beinast að efnistöku einstakra blaðamanna, einstakra fjölmiðla. Ekki væri úr vegi að vandaðir fjölmiðlar settu sér verklagsreglur um hvernig beri að umgangast slíkt efni því það er ótvírætt að ýmislegt sem þar birtist hefur fréttagildi, til að mynda nota stjórnámálamenn þennan vettvang til að senda frá sér opinberar tilkynningar. En hafa verður í huga að samhengið hlýtur að ráða merkingu og fyrirvararnir eru ekki hinir sömu. En skráðar og óskráðar reglur ritstjórna um birtingu efnis hafa vissulega færst til sem og viðmið um hvernig það skal matreitt, hvort og hvenær.⁴⁰

³⁹ Friðrik Guðmundsson, 2016, „Iceland's Media Market after the Collapse of 2008“ *Nordicom Information* 38 (1. tbl) bls. 41

⁴⁰ Menntamálaráðuneytið, 2018, bls. 14

3 Vinnuferlið

Í fyrstu datt mér í hug að áhugaverðast yrði að tala við eitthvað af því fólki sem hingað hefur leitað frá stríðshrjáðum svæðum ýmist frá Mið-Austurlöndum eða Afríku. Mig grunaði að þar væri að finna áhugaverðar sögur til að segja frá í umfjöllun eins og þeirri sem fyrirhuguð var. Þannig mundi ég kynna fyrir hlustendum raunverulegar manneskjur sem að málinu koma og skapa þannig tengingar milli almennings og þessara nafnlausu mála sem koma alla jafna fyrir í örstuttum fréttatímum sjónvarps og útvarps. Ég sá fyrir mér að ég skyldi reyna að finna svona fjóra til fimm viðmælendur til að segja mér sína sögu og það yrði fyrsti þátturinn.

Ég hugsaði mér nefnilega að gera þrjá klukkutíma langa þætti og skipta þeim þannig upp að í fyrsta hlutanum væri ég með frásagnir hælisleitenda, þar sem þeir segðu sína sögu, hvað þeir voru að flýja og hvernig íslenska kerfið væri að taka á móti þeim. Í öðrum hluta væru svo viðtöl við aðila sem starfa í málaflokknum, lögfræðinga Rauða kossins, starfsfólk Útlendingastofnunnar og loks aðgerðasinna úr samtökum eins og No Borders og Ekki fleiri brottvísanir. Í síðasta þætti sá ég svo fyrir mér að spjalla við stjórnáamenn og þá sem kæmu að því að móta löggjöf og stefnu í málaflokknum. Þannig vildi ég líka reyna að fá fram einhverja framtíðarsýn þeirra sem hafa stefnumótunar- og löggjafarvaldið. Þetta var áætlunin sem ég lagði upp með í byrjun.

Ég sótti málþingið Leikmenn án landamæra í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar um Hvítasunnuhelgi þann 8. júní. Leikmenn án landamæra vilja vinna að hugsjónum Hauks Hilmarssonar, en hann var þekktur aðgerðarsinni, um betri meðferð flóttafólks en ekki síður gegn þeim aðstæðum sem hrekja fólk á flótta frá heimilum sínum, þar með talið heimsvaldastefnu, auðræði og fjandsemi í garð minnihlutahópa.⁴¹ Haukur er talinn hafa fallið í hernaðaráttökum í Afrin héraði í Sýrlandi þar sem hann barðist með kúrdískum hersveitum, fyrst við vígasveitir íslamskra öfgamanna og síðan við tyrkneska herinn.

⁴¹ Eva Hauksdóttir, „Leikmenn án landamæra: Málþing um hugsjónir Hauks Hilmarssonar Reykjavík 8. Júní 2019), Blog www.norn.is, <http://www.norn.is/haukur/leikmenn-an-landamaera/> (sótt 15. desember 2019)

Á málþinginu hlustaði ég á og tók upp nokkur erindi sem sneru að málefnum flóttafólks á Íslandi en þar var einn fyrirlesara aðgerðasinninn Benjamín Julian frá samtökum sem kalla sig Ekki fleiri brottvísanir. Erindi hans fjallaði meðal annars um ábyrgð vestrænna ríkja á flótta fólks frá fátækari ríkjum Afríku sem vegna arðráns Vesturlanda geta ekki haldið uppi nauðsynlegum innviðum nútímasamfélags. Ekki óraði mig fyrir hversu viðeigandi sá fyrirlestur átti eftir að verða nú á haustmánuðum þegar rannsóknarblaðamenn Kveiks afhjúpuðu viðtæka spillingu íslensks sjávarútvegsfyrirtækis í ungríkinu Namibíu. Í umfjölluninni er beinlínis fullyrt að fátækasti og berskjaldaðasti hópur namibísku þjóðarinnar, sem lifir við hræðilegar aðstæður í mannskemmandi kofaborgum, sé bókstaflega að deyja af völdum þeirrar spillingar sem vestræn stórfyrirtæki stundi í hagnaðarskyni fyrir eigendur sína í Norður Evrópu.⁴²

Þá var ég einnig kynntur þar fyrir fleiri aðgerðarsinum sem hafa barist fyrir hagsmunum flóttafólks hér á landi. Ein þeirra var Elínborg Harpa hjá samtökunum No Borders á Íslandi og féllst hún á að koma mér í samband við einhverja hælisleitendur sem biðu með mál sín í kerfinu.

Fyrsti hælisleitandinn sem Elínborg kom mér í samband við var ungur maður frá Suður-Kamerún en segja má að þar ríki hálfgerð borgarastyrjöld á milli enskumælandi íbúa og þeirra frönskumælandi. Eitthvað sem ég hafði reyndar ekki hugmynd um enda hefur ekki mikið farið fyrir fréttum af þessum átökum í fjölmiðlum hér heima.

Elvis sagði mér að með þátttöku sinni í ungliðahreyfingu sjálfstæðissinna Suður-Kamerún hefði hann sjálfur undirritað sinn dauðadóms sem þýddi að honum var ekki til setunnar boðið. Hann neyddist til þess að flýja landið frá barnsmóður sinni og þremur börnum. Hann komst á endanum til Ítalíu þar sem hann sótti um alþjóðlega vernd en að honum hafi verið vísað úr flóttamannabúðum þar vegna vandræða sem hann kom sér í þegar hann fór ásamt nokkrum löndum sínum til að mótmæla fyrir utan bústað forseta Kamerúnar í Róm. Elvis segir forsetann gjörspilltan og að hann lifi miklu lúxuslífi og eigi glæsilegar íbúðir víðsvegar um Evrópu. Elvis taldi stjórnvöld Í Kamerún vera með það sterk ítök á Ítalíu að honum væri ekki vært þar og að hann óttaðist um líf sitt. Þess vegna

⁴² Helgi Seljan, *RÚV*, Kveikur 29. nóvember 2019, „Corruption is literally killing people“, <https://www.ruv.is/kveikur/fishrot/fishrot-2/> (sótt 13. desember 2019)

forðaði hann sér einnig þaðan og nú væri hann að óska þess að íslensk stjórnvöld myndu ákveða að taka mál hans fyrir í stað þess að vísa honum aftur til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarreglugerðar.

Annar viðmælandi minn, sem Elínborg kom mér einnig í samband við, var ungur maður frá Nígeríu að nafni Móses. Hann fór ég og hitti upp á Ásbrú á Reykjanesi þar sem Útlendingastofnun rekur athvarf fyrir hælisleitendur sem bíða úrlausnar sinna mála. Ég tók einnig upp um það bil klukkutíma langt viðtal við Móses þar sem hann sagði mér ástæðu flóttu síns frá heimalandinu og hvernig hann hefði á endanum sótt um að mál sitt yrði tekið fyrir hér á landi.

Þriðji viðmælandi minn var hún Olivia sem upprunalega kom frá Kamerún en hefur sótt hér um alþjóðlega vernd sem franskur ríkisborgari. Til að gera langa sögu stutta þá ákvað ég að nota ekki viðtölin við þetta ágæta fólk og eru helstu ástæður þess raktar hér á eftir.

Daginn eftir að ég hafði rætt við Olivíu fékk ég símtal frá henni Elínborgu sem hafði verið svo vinsamleg að koma mér í samband við alla þá viðmælendur sem ég hafði þegar rætt við. Hún tjáði mér að Olivia hefði haft samband við sig til að tilkynna sér að hún vildi ekki lengur taka þátt í rannsókn minni og óskaði eftir að ég mundi ekki nota neitt af viðtali mínu við hana. Það væri vegna þess að hún taldi sig ekki hafa fundið nægilegan stuðning frá mér þegar viðtalið var tekið og að hún hefði upplifað tortryggni gagnvart sögu sinni í spurningum mínum. Ég tjáði Elínborgu að ég hefði framkvæmt viðtalið af fyllstu hlutlægni og spurningar mínar hefðu einungis verið til þess fallnar að varpa ljósi á þá atburðarrás sem leiddi til þeirrar stöðu sem Olivia væri nú komin og hvers vegna hún væri að sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi, verandi franskur ríkisborgari með öllum þeim réttindum sem því fylgir.

Þá tjáði Elínborg mér einnig að Móses hefði haft svipaðar áhyggjur og að hann hefði líka óskað eftir því að ekki yrði notast við ákveðna hluta hans frásagnar. Elínborg benti á að þegar um væri að ræða fólk í svo viðkvæmri stöðu, líkt og hælisleitendur og flóttamenn öllu jafna eru, væru spurningar blaðamanna oft á tíðum eldfimari en blaðamennirnir gerðu sér grein fyrir sjálfir. Þær kynnu að valda kvíða og kveiktu jafnvel upp áfallastreitu sem undir niðri lægi hjá fólki sem hefði gengið í gegnum miklar hörmungar. Það skal þó

kyrfilega tekið hér fram að jafnvel þótt undirritaður fallist á þá skýringu að umræddir viðmælendur falli undir þá skilgreiningu að vera fólk í viðkvæmri stöðu þá leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að þau hafi rétt á að afturkalla viðtöl sín sem þau hafa nú þegar veitt mér. Viðmælendur hafa aldrei þann rétt. Það nefnilega stríðir algjörlega gegn hlutverki fjölmiðla og blaðamanns að afsala sér ritstjórnarlegu valdi til þeirra sem um er fjallað hverju sinni.⁴³

En eftir því sem á leið með vinnslu þáttanna fóru því að renna á mig tvær grímur með sögur hælisleitendanna. Það er að segja hvort þær væru endilega það sem ég væri að leita að fyrir mína umfjöllun. Ég vildi vissulega fjalla um hælisleitendakerfið heildrænt og þar af leiðandi væru persónulegar bakgrunnssögur viðeigandi í stóra samhenginu. Þær gætu alltaf varpað einhverju ljósi á það hvernig kerfið væri að gagnast þeim tilteknu viðmælendum sem ég náði í það minnsta að tala við.

En þá fór ég að efast um að persónulegar dæmisögur gæfu endilega nógu raunsæja mynd af því kerfi sem ég vildi fjalla um. Sögurnar eru jafn ólíkar og þær eru margar og þó þær myndu vissulega endurspegla ákveðin hluta þeirra verkefna sem til dæmis Útlendingastofnun er að fást við þá væru þær ekki endilega dæmigerðar fyrir kerfið allt. Þá rann upp fyrir mér að sjálfur vildi ég heldur varpa ljósi á hvernig hið íslenska kerfi, sem tekur á móti hælisleitendum og flóttamönnum, virkar fremur en kynnast persónulegum sögum flóttafólks í þessari tilteknu umfjöllun og lokaverkefni.

Á þessum tímapunkti hafði ég einnig rekið mig á annað tæknilegt vandamál en ég taldi í raun nauðsynlegt að þýða það sem viðmælendur mínir höfðu að segja yfir á íslensku. Útvarpsformið er auðvitað takmarkandi að því leyti að ekki er hægt að styðjast við íslenskan texta líkt og maður gæti gert ef um sjónvarpsumfjöllun væri að ræða. Vissulega væri sá möguleiki til staðar að nota bara stutta búta frá hælisleitendum sjálfum og vera síðan með íslenskan þul, mig sjálfan eða jafnvel leikara, til að lesa upp íslensku þýðinguna á eftir.

Ég taldi ótækt í það minnsta að vera með langar ræður hælisleitenda óþýddar, sér í lagi þar sem sérstaklega er kveðið á um það í lögum um fjölmiðla að hljóð og myndefni á

⁴³ David Randall, 2007, „Universal Journalist“, London: Pluto Press, bls. 63

erlendu máli skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni.⁴⁴ Er þá vert að nefna í þessu samhengi að margir fjölmiðlar á Íslandi hafa einmitt bent á að ákvæði fjölmiðlalaga um vernd íslenskrar tungu séu verulega íþyngjandi vegna kostnaðar við þýðingar og talsetningar efnis yfir á íslensku.⁴⁵

En þó svo ég hafi á endanum ákveðið að nota ekki persónulegar sögur þessa fólks er rétt að geta þess að ég tel ekki á nokkurn hátt að þeim tíma, sem fór í að taka þessi tilteknu viðtöl, hafi verið illa varið. Þvert á móti. Að kynnast sögum þessa fólks reyndist mér mjög gagnlegt. Það dýpkaði minn persónulega skilning á aðstæðum einstaklinga sem hafa þurft að flýja heimkynni sín, leita á náðir erlendra ríkja og dvelja þar í mikilli óvissu um afkomu sína og öryggi. Þá varpaði það líka ljósi á það hvernig umtöluð Dyflinnarreglugerð kemur niður á fólki sem reynir að koma sér hingað úr annars ömurlegum aðstæðum sem bíða þeirra í yfirfullum flóttamannabúðum sunnar í Evrópu.

Viðtölin veittu mér sjónarhorn á málefnið, sem ég hafði til umfjöllunar, með hætti sem annars hefði verið mér hulið. Þau juku víðsýni mína og reyndust mér gott fóður í spurningar til handa þeim sem fara með valdið í þessum málaflokki hér á landi.

En það má segja að stefna mín er varðar aðferðafræði verkefnisins hafi tekið mestum afgerandi breytingum eftir að ég hafði rætt við aðgerðasinnann Benjamín Julian. Benjamín er, eins og fyrr segir, einn af forsvarsmönnum laustengdra samtaka sem kalla sig Ekki fleiri brottvísanir. Hann hefur beitt sér fyrir vitundarvakningu um þennan málaflokk almennt og hefur í því skyni heimsótt flóttamannabúðir, bæði erlendis og hérlendis, til að kynnast af eigin raun aðstæðum þeirra sem þar dvelja. Benjamín hitti ég á kaffihúsi í Reykjavík í ágúst mánuði og fórum við saman í bíltúr upp á Snorrabraut þar sem ég lagði bílnum og tók við hann klukkutíma langt viðtal.

Benjamín hafði greinilega kynnt sér málaflokkinn vel og hafði hann þar uppi hnitmiðaða, málefnalega og beitta gagnrýni á stjórnvöld, íslenska útlendingalöggjöf og vinnubrögð Útlendingastofnunar. Hann virtist þar að auki, þrátt fyrir ungan aldur, vera sjóaður í tali og framkomu, sem gerði hann að skemmtilegum viðmælanda. Mér varð fljótt ljóst að

⁴⁴ Lög um fjölmiðla 2.gr., 2011, Alþingi, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html> (sótt 4. desember 2019)

⁴⁵ Menntamálaráðuneytið, 2018, bls. 7.

málflutningur Benjamíns mundi reynast mér prýðilegur grunnur til að byggja á umfangullun um vinnubrögð Útlendingastofnunnar og framkvæmd þeirra laga sem löggjafinn hefur sett í þessum málaflokki. Sá ég strax fyrir mér að viðtalið við hann gæti ég notað sem rauðan þráð í uppsetningu þáttanna þar sem ég fengi svo viðbrögð annarra viðmælenda við hinum ýmsu athugasemdum og fullyrðingum sem hann hafði sett þar fram.

Viðtalið við Benjamín varð þess vegna, frekar óvænt, þegar fram liðu stundir að mikilvægum þætti þeirrar aðferðafræði sem ég notaði helst við gerð útvarpsþáttanna. Gagnrýni hans á yfirvöld og stefnu Íslands í útlendingamálum var sérstaklega fróðleg og vakti upp margar spurningar sem ég gat lagt fyrir aðra viðmælendur á seinni stigum málsins. Þannig fékk ég einnig nokkra samfellu og samhengi í umræðuna sem að endingu varð að útvarpsþáttunum Eyríkið.

Sem fyrr segir tók ég viðtalið við Benjamín inni í bíl mínum sem gerði það að verkum að hljóðið á viðtalinu varð nokkuð sérstakt, það er að segja, það hljómaði svolítið eins og við værum staddir í hljóðdempaðri tunnu og ég þurfti að taka tillit til þess þegar ég vann viðtalið í hljóðvinnslu forritinu Premier Pro á seinni stigum. En ég tók flest öll viðtölin upp á mína eigin stafrænu upptökugræju af gerðinni Zoom H4n.

Þá tók ég næst viðtal við Þorsteinn Gunnarsson, sem um þessar mundir er settur forstjóri Útlendingastofnunnar á meðan Kristín Völundardóttir er í námsleyfi. Þorsteinn er einn af aldursforsetum stofnunnarinnar sem gegnir að öllu jöfnu stöðu sviðstjóra verndarsviðs en það er sú deild Útlendingastofnunnar sem sér um afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd, eða það sem áður voru kallaðar hælisveitingar.

Viðtalið við Benjamín Julian reyndist mér gagnlegt þegar ég tók saman spurningarlista fyrir forstjóra Útlendingastofnunnar. En Þorsteinn varðist fimlega enda sennilega einn þeirra einstaklinga sem hvað best er að sér um tölfræði verndarsviðs og efnismeðferðir þessara mála hér á landi. Hann reyndist mjög öflugur viðmælandi. Þorstein hitti ég í húsnæði Útlendingastofnunnar við Bæjarhraun í Hafnarfirði. Við tókum meginþorra viðtalsins upp inn í herbergi sem var frekar tómlegt með miklu af auðu veggplássi þannig að bergmál var þar nokkuð sem ég þurfti síðar að reyna bæta við eftirvinnslu verkefnisins.

Því næst varð Helga Vala Helgadóttir þingmaður Samfylkingarinnar fyrir svörum. Hún hafði í aðdraganda kosninga árið 2017, þegar hún var fyrst kjörin á þing, lagt ríka áherslu á málefni hælisleitenda og flóttamanna, enda hafði hún áður en hún fór í framboð sinnt og sérhæft sig sem lögmaður í þeim málefnum.⁴⁶ Þá hefur hún sem þingmaður verið mjög gagnrýnin á stefnu stjórnvalda á málaflokknum sem og vinnubrögð Útlendingastofnunnar.⁴⁷

Þannig lá fyrir að Helga Vala gæti lagt sitthvað af mörkum til umræðunnar. Við hana hafði ég reyndar tekið fjölmörg útvarpsviðtöl áður þannig að ég vissi líka að hún væri mjög öflugur viðmælandi. Helga Vala talar mjög hátt og snjallt, enda lærður leikari, er vel að sér um málaflokkinn og hefur á honum mjög ákveðnar skoðanir. Hún er enda mjög vinsæl meðal þáttagerðarfólks, bæði hjá starfsfólki Sýnar hf. sem og RÚV. Hún býr yfir öllum þeim eiginleikum sem góður útvarpsviðmælandi þarf að hafa. Viðtalið við Helgu Völu tók ég líka upp á Zoom-upptökugræjuna mína inn á skrifstofum þingflokks Samfylkingarinnar við Austurstræti í Reykjavík. Upptakan af henni reyndist nokkuð vel heppnuð og ég þurfti lítið að laga til hljóð á viðtali við hana í eftirvinnslu.

Áslaugu Arna Sigurbjörnsdóttir var að minn síðasti viðmælandi. Það viðtal var reyndar ekki tekið fyrir en undir lok ferlisins eða þann 27. desember síðastliðinn. Var það að hluta til með ráðum gert vegna þess að ég vildi fyrst fá fram sjónarmið allra annarra sem að málinu koma áður en ég færi í það að yfirheyra þann sem fer raunverulega með völdin í málaflokknum. Útlendingastofnun er undirstofnun dómsmálaráðuneytisins en ráðuneytið er yfirleitt í fararbroddi þegar ákvarðanir um stefnu, löggjöf og reglugerðir eru teknar er snúa að hælisleitendum og flóttamönnum á Íslandi.

Þá vildi ég einnig að einhver hluti umfjöllunarinnar yrði alveg ný þegar ég sendi hana frá mér í byrjun janúar 2020. Ég skal þó viðurkenna að upprunalega áætlunin gerði ekki ráð fyrir að þetta viðtal yrði tekið alveg svo seint sem raun bar vitni. Þegar við Áslaug ætluðum loks að fara hittast um miðjan nóvember skulu á henni mörg stór mál í

⁴⁶ Mbl.is, 1. maí 2016, „Lögbrot að senda börn á götuna“, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/05/01/logbrot_ad_senda_born_a_gotuna/ (sótt 15. desember 2019)

⁴⁷ Mbl.is, 6. nóvember 2019, „Mannfjandsamleg stefna“, https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/11/06/mannfjandsamleg_stefna/ (sótt 15. desember 2019)

ráðuneytinu sem tóku allan hennar tíma. Þar ber sennilega hæst að nefna mál ríkislögreglustjóra og endurskipulagning lögreglunnar þó að ýmislegt annað hafi líka gengið á þá.⁴⁸

3.1 Klipping og uppsetning

Þegar allar hljóðupptökur voru komnar í hús, nema viðtal mitt við Áslaugu Örnú, var þeim hlaðið upp í áður nefndu Premier Pro-klippiforriti sem ég er vanur að nota í störfum mínum hjá Stöð 2. Ég byrjaði á því að hlusta aftur á öll viðtölin og skipta þeim niður í kafla með því að merkja (e. Label) umræðuefnin mismunandi litum. Litirnir voru eftirfarandi:

- Útlendingastefna = Gult
- Dyflinnarreglugerð = Fjólublátt
- Vinnubrögð Útlendingastofnunnar = Rósrautt
- Kröfur aðgerðasinna = Himinblátt
- Ábyrgð/Réttlæti = Sólbrúnt
- Kostnaður = Blágrænt
- Flóttamenn undir fölsku flaggi = Mangógult
- Rasismi = Skógargrænt
- Stjórn málin = Bleikt
- Aðgerðasinar = Dökkfjólublátt
- Aðbúnaður hælisleitenda: Blátt
- Stemning í Útlendingastofnun = Brúnt
- Loftslagsflóttamenn = Ljós fjólublátt

Með því að merkja umræðuefnin með þessum hætti auðveldaðist klippivinna mín til muna. Nú raðaði ég lauslega sömu litum ólíkra viðmælenda á svipuð svæði og límdi svo ummæli þeirra saman svo að úr myndaðist ein heild. Þetta krafðist bæði mikillar

⁴⁸ Ruv.is, 3. desember 2019, „Áslaug Arna boðar til blaðamannafundar um lögregluna, <https://www.ruv.is/frett/aslaug-arna-bodar-til-bladamannafundar-um-logregluna> (sótt 15. desember 2019)

handavinnu og yfirlegu en ég tel að verkefnið hefði verið allt að óyfirstíganlegt ef ég hefði ekki notast við þessa litaaðferð. Þegar ég hafði svo klippt mismunandi þætti umræðunnar í samhengi fór ég í að skrifa upp nokkra punkta sem ég síðar las yfir upptökuna. Þar voru meðal annars upphafskynning og vangaveltur sem ég notað sem brýr á milli umræðuefna. Þannig batt ég þetta allt saman og leiddi tilvonandi hlustendur í gegnum efnið líkt og um ferðalag væri að ræða.

3.2 Tónlist og hljóðheimur verksins

Þegar öll samtöl og talsetning voru nokkurn veginn komin á hreint fór ég að hugsa um hljóðskreytingu efnisins. Í fyrstu klippunum hafði ég unnið með efni eftir bandaríska tónskáldið Trent Reznor. Ég taldi það einkar viðeigandi að þetta verkefni mitt yrði prýtt með tónum hans vegna þess að hann hefur um áratuga skeið verið einn af mínum persónulegu uppáhalds tónlistarmönnum.

Mjög dramatísk tónlist hans með hljómsveitinni Nine Inch Nails ljáði efni mínu miklum drunga og gerði það einhvern veginn háalvarlegt og fágað, að mér fannst. Ég var búinn að finna til ein átta lög eftir hann sem ég sá fyrir mér að láta hljóma undir viðtölunum með mismunandi áherslum. En þá var mér bent á þá staðreynd að ég gæti lent í vandræðum með höfundarréttarmál þar sem ég var aldrei að fara fá sérstakt leyfi frá viðkomandi tónlistarmanni fyrir þessari notkun. Þá voru góð ráð dýr.

Ég hafði mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig ég vildi að þetta mundi hljóma. Tónlistin þarf nefnilega að vera þægilegur bakgrunnur sem dregur ekki að sér of mikla athygli en skapar um leið ákveðna stemmningu sem ljáir viðtölunum vissan blæ. Ég vildi hafa þetta frekar alvarlegt en þó ekki of dramatískt.

Eftir nokkra leit og grúsk á netinu ég fann það sem ég var að leita að. Íslenska tónskáldið Friðjón Guðlaugsson gefur út efni sitt á tónlistarvefnum [soundcloud.com](https://soundcloud.com/friðjón-guðlaugsson). Hann framleiðir mikið magn af tónlist í anda Brian Eno, sem fyrst fann upp á nafninu ómtónlist (e. Ambient music). Ómtónlist er skilgreind þannig að hún er nokkurn veginn þyngdarlaus, hefur engan takt og enga texta. Þetta er hógvær tónlist sem svona líður hjá og leyfir

hlustandanum að dreifa huga sínum og ráða sjálfur hvenær hann einbeir sér að henni eða ekki. Verkið krefst ekki stöðugar einbeitingar, það bara er í bakgrunninum.⁴⁹

Í einu tónverki Friðjóns, sem má finna á netinu, fann ég nokkurn veginn allt það sem ég var að leita að. Í verkinu, sem hann kallar háflóð, er seiðandi píanólína sem virðist hvorki hafa upphaf né endi, hún bara er þarna eins og náttúrufrýrbrigði. Ég segi náttúrufrýrbrigði því þegar maður hlustar, blandast tónlistin á köflum saman við öldunið sem kemur og fer, líkt og hann lendi mjúklega í fjöruborðinu og strjúki þar sandinum.

Einnig hljómar í verkinu einhvers konar ratsjártónn sem skapar enn frekari hugrenningatengsl við hafið, en það var í mínu huga fullkomin tenging, þar sem þættina hafði ég ákveðið að kalla Eyríkið vegna þeirrar landfræðilegu staðreyndar að Ísland er allt umlukið hafi sem gerir það aftur flóknara fyrir hælisleitendur og flóttamenn að leita hingað eftir vernd. Þá fór þá svo að ég talaði Friðjón Guðlaugsson sem leyfði mér góðfúslega að nota efni frá honum án endurgjalds. Kann ég honum bestu þakkir fyrir það.

Til þess að hljóðskreyta verkið enn frekar ákvað ég að tengja það við flóttamannaumræðuna með því að nota stuttan bít úr viðtali mínu við Elvis frá Kamerún. Ég notaðist einungis við kafla þar sem hann lýsir stuttlega því ástandi sem leiddi til þess að hann ákvað að flýja heimaland sitt. Þetta hafði ég í upphafi fyrsta þáttar. Þá upptöku hafði ég nafnlausu og kynnti ekki viðkomandi því frásögnina vildi ég aðeins láta standa þarna sem táknræna mynd þeirra ólíku frásagna sem hver og einn flóttamaður býr að. Síðan fann ég upptöku frá mótmælum á Austurvelli þar sem íslenska þjóðfylkingin mætti samstöðufólki flóttamanna. Hún er tekin af vef YouTube og má þar heyra stuðningsfólk flóttamanna kyrja slagorðið „Flóttafólk velkomið“.⁵⁰ Hana notaði ég í upphafi annars þáttar. Með hljóðbútum sem þessum er hægt að mála skýrar myndir í huga hlustandans. Það er einn af kostum útvarpsins sem miðils. Hægt er að teikna upp nánast hvaða landslag sem er með því að höfða til ímyndunarafis áheyrandans með réttu samspili orða og hljóða.⁵¹

⁴⁹ Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson, 2014, „Brian Eno; tónlist og umhverfi“ Lokaverkefni Listaháskóli Íslands, Bls. 14

⁵⁰ Youtube.com, 16. ágúst 2016, „Íslenska þjóðfylkingin og samstöðufólk flóttamanna mætast á Austurvelli“, <https://www.youtube.com/watch?v=7A1DKTouwq4> (sótt 11. desember 2019)

⁵¹ Robert McLeish, 2006, bls. 2

4 Niðurstöður

Þegar heildarútkoma þáttanna er skoðuð er ég giska ánægður með niðurstöðuna. Verkið varpar nokkuð skýru ljósi á ólík sjónarmið hagsmunatengdra aðila þegar kemur að umræðunni um málefni hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi. Með því að hafa gott jafnvægi í vali á viðmælendum tókst að ná fram raunsærri og upplýsandi mynd af stöðu þessara mála.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður, og Benjamín Julian, aðgerðarsinni reyndust öflugir fulltrúar þeirra sjónarmiða sem hvað harðast gagnrýna stjórnvöld og Útlendingastofnun í þessum efnum. Þorsteinn Gunnarsson, settur forstjóri Útlendingastofnunar, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra, voru síðan fulltrúar þeirra sem fara með valdið í þessari umfjöllun og fengu þau færi á að svara fullyrðingum og þeirri gagnrýni sem á þau var borin.

Ég tel að ekki hafi verið mögulegt, undir neinum kringumstæðum, að fá meira viðeigandi viðmælendur fyrir þessa tilteknu umræðu, nema hugsanlega hælisleitendur sjálfa en það hefði þá verið efni í rannsókn af öðrum toga líkt og ég greindi betur frá kaflanum um vinnuferlið.

Það sem ég tek persónulega út úr rannsókninni er að málin eru alls ekki jafn klippt og skorin eins og umfjöllun fjölmiðla gefur oft til kynna. Gagnrýni á stefnu stjórnvalda og vinnubrögð Útlendingastofnunar er að mörgu leiti skiljanleg en til þeirrar staðreyndar verður þó að líta að afgreiðsla þessara mála er gríðarlega flókin og á köflum ógagnsæ vegna þeirrar viðkvæmu stöðu sem umsækjendur um vernd eru alla jafnan í. Útlendingastofnun virðist mér vera fara eftir settum lögum og reglum en hún glímir um leið við það erfiða hlutskipti að jákvæðar fregnir af störfum hennar rata sjaldnast eða aldrei í fjölmiðla.

Í viðtölum mínum við Þorstein koma fram áhugaverðar staðreyndir eins og að aldrei áður hafi jafnmargir einstaklingar fengið jákvæðar niðurstöður úr verndarumsóknarmálum eins og á árinu 2019. Þá hafi stofnuninni tekist að stytta

málsmeðferðartíma sem talið er vera hornsteinn þess að hver og einn umsækjandi fái mannúðlega úrlausn sinna mála.

Þá er athygliverð sú skoðun dómsmálaráðherra að hún telji reglur um atvinnuþáttöku fólks utan svokallaðra EES landa vera of þröngar hér á landi og að hún vilji skoða hvort ekki megi opna eitthvað frekar á það. En Áslaug Arna segist halda að þar sé að finna skýringar á ákveðnum hluta fólks sem velkist um í hælisleitendakerfinu án þess að þurfa endilega, samkvæmt skilgreiningu, á alþjóðlegri vernd að halda og rímar það ágætlega við það sem settur forstjóri Útlendingastofnunnar, Þorsteinn Gunnarsson, segir einnig í þáttunum.

Mikilvægi þess að gagnrýnendur eins og stjórnarandstaða og hagsmunahópar haldi málflutning sínum á loft kristallast einnig vel í þáttunum. Þaðan kemur það nauðsynlega aðhald sem málaflókkurinn þarf til að þeir sem að honum koma séu stöðugt á tánum og iðki störf sín af heillindum og ábyrgð. Með þáttunum tel ég ágætlega lýst því verkefni stjórnvalda að þurfa stöðugt að bregðast við því viðvarandi og vaxandi verkefni sem móttaka hælisleitenda í Evrópu allri er.

5 Lokaorð

Þegar á heildina er litið virðist mér umræðan um stöðu hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi vera rakið dæmi þess hversu mikilvægir heilbrigðir og sjálfstæðir fjölmiðlar eru stjórnskipan og lýðræði landsins. Hér undir er afar umdeildur málaflokkur sem fjármagnaður er á fjárlögum ríkisins með ærnum kostnaði. Nauðsynlegt er að allt sem að honum snýr sé gagnsætt og að upplýsingar um hann séu aðgengilegar almenningi.

Fjölmiðlar eru og eiga að vera vettvangur fjölbreyttrar umræðu og skoðanaskipta. Til að geta speglað raunsæja mynd af málflokknum þurfa blaðamenn að gefa sér tíma til að kalla fram ólík sjónarmið þeirra sem hafa eitthvað um málið að segja.⁵² Ég tel blasa við að ítarlegri fréttaskýringar af þessum málefnum hljóti að varpa skýrara ljósi á málaflokkinn og þar með gera almenningi betur kleift að mynda sér upplýsta skoðun á þessum flóknu málum. En þá komum við aftur að þeirri staðreynd að rekstrarmódel fjölmiðla hefur farið versnandi sem svo óhjákvæmilega kemur niður á gæðum blaðamenskunnar.⁵³

Fjölmiðlafyrirtæki leita nú logandi ljósi að lausnum í þessum efnunum. Margt konar tilraunir hafa verið gerðar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og er Ísland þar engin undantekning. Nýtt frumvarp Lilju Alfreðsdóttur, menntamálaráðherra, er ein slík tilraun.⁵⁴ Í því er talað um að styðja við ritstjórnir fjölmiðla sem miðla fréttatengdu efni og bjóða upp á umfjöllun um samfélagsleg málefni og efla þannig lýðræðishlutverk fjölmiðla. Hugmyndafræði frumvarpsins byggir að einhverju leiti á tillögum nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla þó að sneitt sé þar hjá mörgum góðum hugmyndum að mínu mati sem tæpt verður betur á síðar.

⁵² David Randall, 2007, bls. 63

⁵³ Valgerður Jóhannsdóttir 2016, bls. 318

⁵⁴ Alþingi, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 með síðari breytingum“, Þingskjal 645, 150. Löggjafarþing 2019-2020, <https://www.althingi.is/altext/150/s/0645.html> (sótt 10. desember 2019).

Er frumvarpinu ætlað að skipa Íslandi í hóp hinna Norðurlandanna og fleiri ríkja Evrópu sem styrkja einkarekna fjölmiðla og stuðla þannig að aukinni fjölbreytni í fjölmiðlun.⁵⁵ Hugmyndin er að veita fjölmiðlum fjárhagslegan stuðning með því að endurgreiða hluta þess kostnaðar fellur til við framleiðslu fréttu og fréttatengds efnis. Hlutfall endurgreiðslna má vera að hámarki 18% en þó ekki hærra en 50 milljónir króna til hvers umsækjanda á ári hverju. Þá ætlar ráðherra að skipa úthlutunarnefnd sem mun annast afgreiðslu umsókna frá fyrirtækjum sem óska eftir þessum endurgreiðslum en fjölmiðlarnir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að metast hæfir umsækjendur. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkisjóðs vegna frumvarpsins verði allt að 400 milljónum króna frá og með 1. janúar 2020.⁵⁶

Þó að frumvarp Lilju sé vissulega skref í áttina að því að styrkja annars nóturlegt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla er það að mörgu leiti meingallað. Þar er til dæmis ekkert tekið á þeirri staðreynd að stærsti samkeppnisaðili einkarekinna fjölmiðla er ríkið sjálft. En með rekstri RÚV, sem byggir á umtalsverðum ríkisframlögum annars vegar og auglýsingasölu hins vegar, skekkir það verulega stöðu markaðarins og grefur alvarlega undan til að mynda starfsemi staðbundinna fjölmiðla.⁵⁷

Margir hafa í umsögn um frumvarpið bent á að hæfilegast væri að endurskilgreina hlutverk RÚV og taka það alfarið af samkeppnismarkaði. Að réttast væri að það fengi það fjármagn sem til þarf úr ríkissjóði til að sinna menningarlegu og lýðræðislegu hlutverki sínu í almannabágu en léti um leið af þeirri starfsemi sem snýr að auglýsingasölu í samkeppni við fyrirtæki á frjálsum markaði.⁵⁸ Það er auðvitað ekki sjálfgefið að það auglýsingafé sem nú fer til RÚV myndi allt skila sér til annarra

⁵⁵ Stjórnarráð Íslands, „Mælt fyrir fjölmiðlafrumvarpi á Alþingi,“ *Efst á baugi*, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/12/17/Maelt-fyrir-fjolmidlafrumvarpi-a-Althingi/> (sótt 10. desember 2019)

⁵⁶ Alþingi, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 með síðari breytingum“, Þingskjal 645, 150. Löggjafarþing 2019-2020, <https://www.althingi.is/altext/150/s/0645.html> (sótt 10. desember 2019).

⁵⁷ Menntamálaráðuneytið, 2018 bls. 28

⁵⁸ Samráðsgátt Stjórnarráðsins, 31. janúar 2019, „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.), *Mennta og menningarmálaráðuneytið*, <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/SCases/Details/?id=1293> (sótt 10. desember 2019).

einkarekinna miðla, færi stofnunin af auglýsingamarkaði, en samkeppnisstaða þeirra mundi væntanlega batna.⁵⁹

Þá lagði meirihluti nefndar um bætt rekstraumhverfi einkarekinna fjölmiðla það til að birtingar á áfengis- og tóbaksauglýsingum yrðu heimilaðar, innan þess ramma sem alþjóðlegar skuldbindingar Íslands segðu til um.⁶⁰ En það liggur ljóst fyrir að áfengi og tóbak eru löglegar neysluvörur á Íslandi þó um þær gildi sérstakar reglur. Í tillögum nefndarinnar er bent á að núverandi bann þjóni vart tilgangi sínum lengur þar sem slíkar auglýsingar berist Íslendingum hvort sem er í erlendum miðlum, sjónvarpi, blöðum, tímaritum og hvað eina. Afnáam þessa banns myndi örugglega bæta fjárhagslega stöðu einkarekinna miðla.⁶¹

Fram hafa komið hugmyndir um að nærtækara væri að styrkja blaðamenn frekar beint með kerfi áþekku því sem þekkist í kringum svokölluð starfslaun listamanna. Þar eru til að mynda rithöfundar styrktir beint í stað þess að bókaútgáfur taki fjármagnið til sinnar starfsemi.⁶² Þannig gætu fjölmiðlafyrirtæki ekki misnotað stuðninginn í eigin þágu heldur mundu einstakir blaðamenn vera líklegri til að fjalla hlutlægt um mál fremur en þeir væru að reka erindi fyrirtækjanna sem þeir starfa hjá. Á móti mætti hins vegar benda á að með ríkisstyrkjum til blaðamanna er með óbeinum hætti verið að gera þá að hluta þess kerfis sem þeim ber að veita aðhald sem fulltrúar almennings. Á sama hátt og sú hætta er fyrir hendi með ríkisstyrkjum til listamanna, að þeir telji þá sitt hlutverk vera að verja viðteknar skoðanir og ríkjandi ástand, gegnir sama máli með blaðamenn þó hlutverk þeirra sé ekki nákvæmlega hið sama og listamanna í samfélaginu.

Vandinn sem fjölmiðlar á Íslandi og víðar standa frammi fyrir er að rekstrarmódelið hefur brugðist. Hefðbundnir fjölmiðlar grundvölluðu rekstur sinn á annars vegar áskriftum og hins vegar á auglýsingasölu. Ljóst er að sá grundvöllur er að einhverju leiti brostinn. Neytendur eru orðnir því vanir að efni sem er þeim aðgengilegt í fjölmiðlum, í gegnum netmiðla og fríblöð, sé þeim að kostnaðarlausu. Við þeim vanda er

⁵⁹ Menntamálaráðuneytið, 2018 bls. 6

⁶⁰ Menntamálaráðuneytið, 2018 bls. 7

⁶¹ Menntamálaráðuneytið, 2018 bls. 7

⁶² Vísir.is, 12. Desember 2019, „*Harmageddon*“, Viðtal við Gunnar Smára Egilsson, <https://www.visir.is/k/375b8743-a93f-448c-8fd7-65d6db92a655-1576151948427> (sótt 13. desember 2019)

menntamálaráðherra að reyna að bregðast með nýju frumvarpi sínu sem áður hefur verið nefnt. Fyrir liggur að rekstrarvandi fjölmiðla hefur leitt til annars vegar atgervisflótta úr stétt blaðamanna, þá vegna bágra kjara og erfiðra vinnuaðstæðna og svo fækkun starfsmanna á fjölmiðlum. Að einhverju leiti má reka þá staðreynd til skilningsleysis stjórnenda og eigenda miðlanna sem telja að betra aðgengi að efni á netinu þýði að fyrirvaralaust megi gera auknar kröfur til afkasta blaðamanna.

Þetta leiðir svo til þess að blaðamönnum, við þær aðstæður sem nú eru uppi, er gert það ókleyft að fjalla um mál með ítarlegum hætti eins og vonandi þetta verkefni gæti verið dæmi um. Það svarar einfaldlega ekki kostnaði fyrir fjölmiðlaveituna. Því þrátt fyrir að, eins og áður sagði, vandað efni höfði til breiðs hóps „lesenda“ er ekki á vísan að róa með það. Mér hefði aldrei geta gefist kostur að sinna þessu verkefni, ekki af því að stjórnendur mundu ekki þiggja slíkt efni með þökkum, heldur vegna þess að rekstrar fyrirkomulag og rekstrarstaða býður ekki upp á það. Ég hefði því þurft að vinna það í sjálfboðavinnu um helgar og á kvöldin ef það hefði átt að verða að veruleika. Þannig má þetta verkefni í sjálfu sér vera til marks um að fjölmiðlar eru ekki í stöðu til að sinna sínu hlutverki eins og æskilegt væri.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Alma Mjöll Ólafsdóttir. „Flóttamenn sváfu á Austurvelli: „Það var ískalt en við gátum þetta“. Stundin. 13. mars 2019, <https://stundin.is/grein/8633/> (sótt 1. desember 2019).
- Alþingi. „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 með síðari breytingum“. Þingskjal 645, 150. Löggjafarþing 2019-2020. <https://www.althingi.is/altext/150/s/0645.html> (sótt 10. desember 2019).
- BBC. *Emmanuel Macron: French president announces „fake news law“*. 3. janúar 2018. <http://www.bbc.com/news/world-europe-425606883> (sótt 5. desember 2019).
- Birgir Guðmundsson. (2015) „Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna“. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 11 (1).
- Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson S. (2019) „Journalistic professionalism in Iceland: A framework for analysis and an assessment.“ *Journalism*. 20 (12).
- Bogart, Leo (2004). „Reflections on Content Quality in Newspapers“. *Newspaper Research Journal* 25 (1).
- Briggs, Asa og Peter Burke (2009) „A Social History of the Media: From Gutenberg to the Internet“. Cambridge: Polity Press.
- Chartbeat. „The Most Engaging Stories of 2019“. Blog https://blog.chartbeat.com/2019/12/18/most-engaging-stories-2019/?fbclid=IwAR3DVYR4HoFkl4CqzVHzd2_p9w1bkh0gyqkXjznT6We6aRtxz9vb9FNM3w (sótt 27 desember 2019).
- Coronel, Sheila (2011) „Digging Deeper“. Sarajevo: BIRN.
- Eva Hauksdóttir. „Leikmenn án landamæra: Málþing um hugsjónir Hauks Hilmarssonar Reykjavík 8. Júní 2019). Blog. www.norn.is. <http://www.norn.is/haukur/leikmenn-an-landamaera/> (sótt 15. desember 2019).
- Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson (2014) „Brian Eno; tónlist og umhverfi“. Lokaverkefni Listaháskóli Íslands.
- Freyr Eyjólfsson (2019) „Creating a Personal Radio“, Meistararitgerð, Hyper Island/Teeside University.
- Friðrik Þór Guðmundsson. (2016) Iceland’s Media Market after the Collapse of 2008: Fewer Journalists - Lighter Material. *Nordicom Information*, 38 (1).
- Helgi Seljan. *RÚV*. Kveikur 29. nóvember 2019. „Corruption is literally killing people“. <https://www.ruv.is/kveikur/fishrot/fishrot-2/> (sótt 13. desember 2019).

- Lacy, Stephen og Tom Rosenstiel. Mars 2015. „Defining and Measuring Quality Journalism“, *Rutgers School of Communication and Information*.
- Lög um fjölmiðla. (2011) *Alþingi*. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html> (sótt 4. desember 2019).
- Mbl.is. 1. maí 2016. „Lögbrot að senda börn á götuna“. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/05/01/logbrot_ad_senda_born_a_gotuna/ (sótt 15. desember 2019).
- Mbl.is. 6. nóvember 2019. „Mannfjandsamleg stefna“. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/11/06/mannfjandsamleg_stefna/ (sótt 15. desember 2019).
- McQuail, D. (2005) „McQuail’s Mass Communication theory, 5. útg.“ London: Sage.
- McLeish, Robert (2006). „Radio Production“. Burlington: Focal Press.
- Merrill, J.C. (1968) „The Elite Press: Great Newspapers of the World“ New York: Pitman.
- Menntamálaráðuneytið (2018). „Rekstrarumhverfi fjölmiðla: Tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla“. Skýrsla.
- Metzgar, Emily T. og Bill W. Hornaday. (2013) „Leaving it There? The Hutchins Commission and Modern American Journalism“. *Journal of Mass Media Ethics* 28 (48).
- Purcell, Kristen, Lee Rainie, Amy Mitchell og Tom Rosenstiel (2010) „How people use the news and feel about the news“x skýrsla um skoðunarkönnun. 1. mars 2010. <https://www.pewresearch.org/internet/2010/03/01/part-2-how-people-use-the-news-and-feel-about-the-news/> (sótt 6. desember 2019).
- Randall, David. 2007. „Universal Journalist“. London: Pluto Press.
- Ruv.is. 3. desember 2019. „Áslaug Arna boðar til blaðamannafundar um lögregluna“. <https://www.ruv.is/frett/aslaug-arna-bodar-til-bladamannafundar-um-logregluna> (sótt 15. desember 2019).
- Samráðsgátt Stjórnarráðsins. 31. janúar 2019. „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.). *Mennta og menningarmálaráðuneytið*. [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1293](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1293) (sótt 10. desember 2019).
- Silverman, Craig (2007). „Regret the Error: How Media Mistakes Pollute the Press and Imperil Free Speech“. New York: Union Square Press.
- Stefán Ó Jónsson. „Fluttur á sjúkrahús eftir sjálfsvígstilraun á Ásbrú“. *VÍSIR*, 2. mars 2019. <https://www.visir.is/g/2019190309794/fluttur-a-sjukrahus-eftir-sjalfsvigstilraun-a-asbru> (sótt 1. desember 2019).
- Stjórnarráð Íslands. „Forsíða“. www.stjornarrad.is (sótt 5. janúar 2019).

- Stjórnarráð Íslands. „Mælt fyrir fjölmiðlafrumvarpi á Alþingi“. *Efst á baugi*.
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/12/17/Maelt-fyrir-fjolmidlafrumvarpi-a-Althingi/> (sótt 10. desember 2019).
- Stjórnlagaráð. (2011) „Frumvarp til stjórnskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“.
- Valgerður Jóhannsdóttir. (2016) Markaðsvæðing fréttar: Greining á innihaldi fréttar í tveimur dagblöðum og tveimur vefmiðlum fyrir og eftir hrun. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 12 (2).
- Vísir.is. 12. Desember 2019. „*Harmageddon*“, Viðtal við Gunnar Smára Egilsson,
<https://www.visir.is/k/375b8743-a93f-448c-8fd7-65d6db92a655-1576151948427>
(sótt 13. desember 2019).
- Youtube.com. 16. ágúst 2016. „Íslenska þjóðfylkingin og samstöðufólk flóttamanna mætast á Austurvelli“. <https://www.youtube.com/watch?v=7A1DKTouwq4> (sótt 11. desember 2019).